



# HOLTALAND 11 - AKUREYRI



# YFIRLIT

---

<b>YFIRLIT .....</b>	<b>2</b>
<b>UM HOLTALAND 11 .....</b>	<b>3</b>
<b>LEIGUSAMNINGURINN.....</b>	<b>4</b>
<b>HITAKERFI .....</b>	<b>5</b>
<b>LOFTRÆSTING .....</b>	<b>6</b>
<b>ÞRIF.....</b>	<b>7</b>
<b>INTERNET OG SJÓNVARP .....</b>	<b>8</b>
<b>KÖLD GEYMSLA/GRILL .....</b>	<b>9</b>
<b>SLÖKKVITÆKI OG SJÚKRAKASSI.....</b>	<b>10</b>
<b>ÖRYGGISNÚMER .....</b>	<b>11</b>
<b>HEITUR POTTUR.....</b>	<b>12</b>
<b>BARNASTÓLL &amp; BARNARÚM .....</b>	<b>13</b>
<b>FLOKKUNARREGLUR, RUSL OG UMGENGNI .....</b>	<b>14</b>
<b>VIÐHALD OG VÖNTUN Á EFNUM .....</b>	<b>15</b>
<b>HLEÐSLUSTÖÐ .....</b>	<b>16</b>
<b>RUSLAGÁMAR.....</b>	<b>17</b>



## UM HOLTALAND 11

---

Húsið í Holtalandi er glæsilegt viðhaldslítið hús sem var byggt árið 2017 fyrir Flugvirkjafélagið. Húsið er úr steini, einangrað að utan og klætt með báru.

Í orlofsbústaðnum í Holtalandi er svenpláss fyrir 8 manns. Þrjú herbergi, eitt með hjónarúmi en hin tvö eru með 2 einbreiðum rúmum. Eitt herbergjanna er með 2 kojum.

Gólfhitakerfi er í húsinu og snjóbræðsla á verönd. Loftræsti kerfi er úr pottarými og baðherbergjum og er það knúíð af rafmagnsblásara í geymslu.

Húsið er vel búið og staðsett í efri Hálöndum í Hlíðarfjalli með fallegu útsýni út á Eyjaförð.

Umsjónarmaður á Akureyri er Guðný Jensdóttir, sími: 895 4654, email: gjensen@internet.is. Ef eitthvað vantar eða bilar í húsinu vinsamlegast hafið samband við Guðnýju.

Hægt er að kaupa þrif á bústaðinn hjá Guðnýju fyrir 15.000 kr – sími: 895-4654. Í þeim tilfellum sem þrif eru keypt þá þurfa gestir að skilja þokkalega vel við húsið, þrífa grillið og fara með ruslið. Má skilja eftir hreint í uppþvottavélinni.



# LEIGUSAMNINGURINN

## LEIGUTÍMI:

- **Leigutími á orlofstímabili - 30. maí til 29. ágúst:**
  - Vikuleiga á orlofstímabili er frá fimmtudegi kl.16:00 til fimmtudags kl.12:00
- **Leigutími utan orlofstímabils – 30. ágúst til 29. maí:**
  - Helgarleiga er frá föstudegi kl.16:00 til mánudags kl.12:00
  - Virk vika er frá mánudegi kl.16:00 til föstudags kl.12:00

## AFBÓKUN:

Leigutaka ber að láta vita með 2 vikna fyrirvara ef hann getur ekki nýtt sér frátekið tímabil. Þá fær leigutaki endurgreitt helming leigukostnaðar en að fullu ef tímabilið leigist út. Ef veikindi koma upp þarf að tilkynna það til félagsins fyrir kl. 12:00 á fimmtudegi og framvísa læknisvottorði. Endurgreiðsla nemur þá 80% af leiguverði.

## RÆSTING:

Leigutaki ber ábyrgð á bústaðnum og öllum búnaði hans á meðan leigutíma stendur. Leigutaka ber að tilkynna strax til umsjónarmanns um allar skemmdir sem upp koma á leigutíma.

Leigutaki skal ganga vel um bústaðinn og umhverfi hans. Við brottför skal leigutaki:

1. Ryksuga húsgögn og dýnur.
2. Viðra sængur og koddar.
3. Ryksuga og skúra gólf.
4. Þurrka af og þrifa glugga.
5. Þrifa baðherbergi.
6. Þrifa eldavél, ofn og ofnskúffur. Mataráhöld eiga að vera hrein, ísskápur hreinn og ruslafata hreinsuð.
7. Þrifa og sópa pall og hreinsa heita pottinn

## UPPLÝSINGAR:

- Í orlofsbústaðnum í Holtalandi eru sængur og koddar fyrir 8 manns.
- Þrjú herbergi, eitt með hjónarúmi en hin tvö eru með 2 einbreiðum rúmum. Eitt herbergjanna er með 2 kojum. Í húsinu er ferðabarnarúm og barnastóll.
- Matarstell fyrir 12 má finna í húsinu.
- Þvottavél og þurrkara inn á baðherbergi inn af forstofu.
- Gasgrill og sólhúsgöng eru í kaldri geymslu við austurhlið.
- Í húsinu er ryksuga og góð ræstingartæki, ræstivörur og sápur.
- Leigutaki þarf að taka með sér rúmföt, handklæði, diskapurkur, eldhúsklúta og salernispappír.

**Leigutaka ber að ganga frá sorpi og koma því í sorpgám við Þjónustumiðstöðina.**

**Ef ræstingu er ábótavant verður húsið þrifið á kostnað leigutaka.**

**Reykingar eru bannaðar í húsinu.**

**Allt dýrahald er bannað í húsinu.**

**Skiljið ávallt við húsið eins og þið viljið koma að því.**

**Lykill er geymdur í kassa við útidyrhurð**




## HITAKERFI

---

Hitastillar fyrir kerfið eru fimm í húsinu. Í alrými, einn í hverju herbergi og á baði. Hitastilla er best að hafa stillta á svipaðan hita í öllu húsinu.

Þegar farið er úr húsinu yfir vetrartíman skal stilla hita á 2.5 á öllum hitastillum.

**Vinsamlegast hreyfið ekki við öðrum stillingum á hitagrind í geymslu án samráðs við FVFÍ**



## LOFTRÆSTING

---

Blásari er fyrir kerfið og stjórnborð er á baðherbergi inn af forstofu. Hægt er að stjórna sogkrafti með stillingum frá 1-5, sé pottur mikið í notkun og á heitum sumardögum er sogkraftur stilltur eftir þörfum.

Þegar húsið er yfirgefið skal slökkt á blásara með því að ýta á græna rofan og sama gildir við komu, þá skal kveikt á blásara með græna rofanum.



## ÞRIF

---

Húsið skal þrifið fyrir brottför.

Hreinsiefni eru í skáp á baðherbergi inn af forstofu.

**Skiljum aldrei hreinsiefni eftir á öðrum stöðum en í þessum skáp þar sem lítil börn geta verið næstu gestir og þeim þykir oft gaman að skoða í skápa.**

Tuskur eru í kassa undir vaski ásamt ryksugupokum.

Þrif:

- Þrifið ofn, ísskáp og helluborð
- Þurrkið af bekkjum, borðum og skápum í stofu
- Þrifið böð, klósett, vaska, bekki og sturtu.
- Gangið frá sængum og koddum inn í skápa í herbergjum.
- Pottur þrifinn með pottakúst úr geymslu.
- Gólf ryksuguð og skúruð fyrir brottför
- Slökkt á blásara og hitastillar stilltir á 2.5
- Allt rusl tæmt og farið með það í gáma.
- 

Vinsamlega skiljið óhreinar tuskur og moppur eftir við útidyr eða í geymslunni.



# INTERNET OG SJÓNVARP

---

Í húsinu er WiFi í gegnum ljósleiðara og snjall sjónvarp ásamt myndlykli frá Vodafone. Sjónvarpið er með android stýrikerfi og hægt að nálgast flest forrit til að nýta streymisveitur eins og t.d. Sjónvarp símans, Stöð 2, Netflix, Disney+ o.s.frv.





## KÖLD GEYMSLA/GRILL

---

Grill og garðhúsgögn má finna í kaldri geymslu við austurhlið hússins. Við brottför skal grill burstað/prifið og húsgögnum raðað aftur inn í rýmið og lokað.

Ef gas klárast óskar FVFÍ eftir því að leigutaki kaupi áfyllingu í næstu verslun og sendi afrit af kvittun með skýringu á flug@flug.is ásamt reiknisnúmeri og kennitölu. Millifærsla verður framvæmd við fyrsta tækifæri.

**Vinsamlegast athugið að um smellugas er að ræða og fæst áfylling hjá Olís (t.d. Tryggvabraut).**

**Ganga skal frá garðhúsgögnum og grilli í geymslu (köldu geymsluna) fyrir brottför.**



## SLÖKKVITÆKI OG SJÚKRAKASSI

---

Sjúkrakassi er staðsettur í skáp inni á baðherbergi, vinsamlega gangið vel um kassann.

Slökkvitæki er að finna fyrir á ganginum fyrir utan salerni þar sem gengið er inn:



Í neyðartilvikum hringið í 112

## ÖRYGGISNÚMÉR

---

Ef upp kemur neyðartilvik þar sem það þarf að hafa samband við 112, þá skal gefa upp öryggisnúmerið á húsinu. Öryggisnúmerið er skráð hjá 112 og gefur þeim t.d. nákvæmar upplýsingar um staðsetningu á húsinu.

Öryggisnúmerið er:

**235 8856**



## HEITUR POTTUR

---

Heitur pottur er fylltur á einfaldan hátt með því að ýta á „Áfylling“ og tæmdur með því að ýta á „Tæming“ á tökkum inn í pottarými inn af aðal baðherbergi.

Til að stýra hitastigi má notast við blöndunartæki á vegg í pottarými.



Rennihurð í pottarými er þung og varasöm. Biðjum við gesti um að ganga einstaklega varlega um hana þar sem bæði festingar og stopparar eru viðkvæmir.



## BARNASTÓLL & BARNARÚM

---



Barnastóll á að vera í eldhúsi, við glerhurð við brottför en má geyma í heitri geymslu á meðan á dvöl stendur.

Barnarúm er geymt í fataskáp í fyrsta svefnherbergi við inngang. Vinsamlegast gangið frá rúmi fyrir brottför.



# FLOKKUNARREGLUR, RUSL OG UMGENGINI

Eftirfarandi reglur og útskýring á flokkun sorps í Hálöndum á að finna í húsi:



## VIÐHALD OG VÖNTUN Á EFNUM

---

Komi upp sú staða að þörf sé á viðhaldi þá skal það tilkynnt á [flug@flug.is](mailto:flug@flug.is), í slíkum tilvikum er mjög gott að fá myndir og stundum mál á því sem er bilað, því húsin eru flest öll fjarri höfuðstöðvum og undirbúningur þarf að vera góður þegar þarf að kalla út fólk til að sinna viðhaldi.

Komi upp vöntun á vörum, s.s. hreinsiefnum sem eiga á annað borð að vera til staðar, þá óskar FVFÍ eftir því að leigutaki sendi tölvupóst á [flug@flug.is](mailto:flug@flug.is).



# HLEÐSLUSTÖÐ

---

Í húsinu er að finna hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla. Lykill er á snaga í andyri.





# RUSLAGÁMAR

Ruslagáma er að finna við innkeyrslu inn á orlofshúsahverfi, neðan við hótél Hálönd:

